

## REGLUGERÐ

### um húsaleigumál ríkisins.

#### 1. gr.

Reglugerð þessi er sett til þess að tryggja samræmda stefnu um húsaleigu og leigukjör hjá ríkisstofnunum og ríkisfyrirtækjum.

Fjármálaráðuneytið, fjárlaga- og hagsýslustofnun, hefur yfirumsjón með húsaleigumálum ríkisins, eftir því sem nánar segir í reglugerð þessari.

#### 2. gr.

Ríkisstofnunum og ríkisfyrirtækjum er óheimilt að taka á leigu húsnæði, gera eða breyta leigumálum án samþykkis hlutaðeigandi ráðuneytis og fjárlaga og hagsýslustofnunar.

Ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki, sem hyggjast taka á leigu húsnæði eða leigja út húsnæði, skulu að jafnaði leita tilboða með almennri auglýsingu. Að fengnum tilboðum skal send umsókn til hlutaðeigandi ráðuneytis á þar til gerðu tilboðseyðublaði, sem fjárlaga- og hagsýslustofnun gefur út.

#### 3. gr.

Sé um að ræða endurnýjun húsaleigusamninga, skal send umsókn um það skv. ákvæðum 2. gr. Sé einungis um að ræða breytingu á grunngjaldi húsaleigu, nægir skriflegt samþykki hlutaðeigandi ráðuneytis og fjárlaga- og hagsýslustofnunar.

#### 4. gr.

Að fenginni umsókn um leiguhúsnæði skal viðkomandi ráðuneyti senda tilboð ásamt umsögn til fjárlaga- og hagsýslustofnunar.

#### 5. gr.

Fjárlaga- og hagsýslustofnun tekur ákvörðun um það, hvort tilboði um leiguhúsnæði verði tekið. Ákvörðun skal tilkynna hlutaðeigandi ráðuneyti svo fljótt sem auðið er. Sé tilboði hafnað, skulu ástæður tilgreindar sérstaklega.

#### 6. gr.

Leigusamningar skulu gerðir á sérstöku samningsformi, sem fjárlaga- og hagsýslustofnunin gefur út.

#### 7. gr.

Forstöðumenn fyrirtækja og stofnana ríkisins undirrita leigusamninga. Til þess að samningur teljist skuldbindandi fyrir ríkið, skal hann einnig undirritaður af hlutaðeigandi ráðuneyti ásamt fjárlaga- og hagsýslustofnun.

#### 8. gr.

Reglugerð þessi er sett í samræmi við 5. gr. III., 4, reglugerðar nr. 96 31. desember 1969 um Stjórnarráð Íslands og öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 15. september 1970.*

**Magnús Jónsson.**

*Gisli Blöndal.*